

Til Umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, 152 löggjafarþing, 33. mál.

Stjórn Svæðisgarðsins Snæfellsnes hvetur til þess að gerð verði hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar. Snæfellingar (íbúar og atvinnulíf) munu hafa mikla hagsmuni af góðum vegi um Skógarströnd. Um er að ræða mikilvæga samgönguleið, m.a. í ljósi vaxandi ferðaþjónustu og uppbyggingar ferðaleiða um Snæfellsnes og Vestfirði. Í samþykktu Svæðisskipulagi Snæfellsness (2014 – 2026) segir í markmiði U 30: tengingar inn á Snæfellsnes séu greiðfærar. Leiðir að markmiði m.a.: vinna að uppbyggingu vegar um Skógarströnd.